Reykjavíkur Ensemble hjá Tónlistarfélaginu

eftir velheppnaða tónleikaferð um Þýzkaland

□ NÝTT starfsár Tónlistarfélags Reykjavíkur hefst á laugardag 6. september með kammertónleikum í Austurbæjarbíói kl. 2.30. Þar leikur kammersveitin Reykjavíkur Ensemble, en hún er nýkomin heim úr 6 vikna tónleikaferðalagi um Þýzkaland. Kammersveitina skipa Guðný Guðmundsdóttir, fiðluleikari og konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitarinnar, Ásdís Stross-Þorsteinsdóttir fiðluleikari, Guillermo Figueroa lágfiðluleikari, Deborah Davis sellóleikari og Halldór Haraldsson píanóleikari.




NÝKOMIN ÚR ÞÝZKALANDSFERÐ — Þau skipa Reykjavíkur Ensemble: fv. Guðný Guðmundsdóttir, Ásdís Stross, Halldór Haraldsson, Deborah Davis og Guillermo Figueroa.

Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Haydn, Schubert og Schumann, en þau eru af efnisskrá tónleikaferðarinnar.

□ Tónleikaferðin um Þýzkaland er sú fyrsta sem íslenzk sveit af þessu tagi fer, en slíkar ferðir hafa jafnan beinzt til Norðurlanda. Á blaðamannafundi kom fram að ferðin tókst hið bezta. Haldnir voru 14 tónleikar, m.a. í Hamborg, Lüneburg, Rosenheim og fleiri borgum, og á sumartónlistarhátíðum í gömlum köstulum, t.d. Benediktbauern, Schloss Leitheim o.fl. Aðsókn og viðtökur voru mjög góðar og umsagnir gagnrýnenda lofsamlegar. Hópnum hefur þegar borizt fjölmörg tilboð um frekara tónleikahald í Þýzkalandi, en ekki er ljóst hvort unnt verður að taka þeim.

Það var Wolfgang Stross sem annaðist undirbúning og skipulagningu ferðarinnar, og hlupu kunningjar hans í Þýzkalandi undir bagga til að auðvelda ferðina, m.a. með því að lána til hennar farartæki, en einnig veitti Menntamálaráð ferðastyrk. Auk verka eftir fyrrnefnd tónskáld voru á efnisskránni íslenzkir þjóðdansar, sem Jón Ásgeirsson útsetti sérstaklega fyrir þessa ferð, píanótríó eftir Karl Hasse (afa Stross), dansar frá Puerto Rico (eftir föður og afa Figueroa), og verk eftir Brahms.

Tónlistarfélag Reykjavíkur mun halda 8 tónleika á þessum vetri, og meðal þeirra sem þar koma fram verða Erling Blöndal Bengtson sellóleikari, Árni Kristjánsson píanóleikari, Aage Kvalbein sellóleikari, Jens Harald Bratlie píanóleikari, The Lyric Arts Trio og Sigríður Magnúsdóttir söngkona.



Akureyri, 2. september.

HELGI Vilberg listmálari og myndlistarkennari opnar myndlistarsýningu í Hlíðarbæ, félagsheimilinu í Kræklingahlíð, á fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sýningin verður opin það kvöld til kl. 22, föstudagskvöld kl. 20 til 22 á laugardag og sunnudag kl. 14 til 22, en þá lýkur sýningunni.

Á sýningunni eru 37 myndir, 32 olíumálverk og 5 teikningar, og eru allar myndirnar til sölu nema tvær. Engin þeirra hefir verið sýnd áður, og þær eru gerðar á þessu ári og í fyrra. Þetta er fyrsta einkasýning Helga, en í fyrra tók hann þátt í samsýningu þriggja akureyrskra málara í Myndsmiðjunni. Hann lauk námi í Handíða- og myndlistarskólanum árið 1973.

Listbandalagið í Álasundi verður 70 ára á næsta ári, og í tilefni þess verður haldin þar myndlistarsýning í aprílmánuði. Þar verða sýndar myndir eftir 2 listamenn frá hverjum vinabæ Álasunds annars staðar á Norðurlöndum, fimm myndir eftir hvern. Fulltrúar Akureyrar á sýningunni í Álasundi verða þeir Örn Ingi Gíslason og Helgi Vilberg.

Sv.P.

Ljós '75

Ljósmyndasýningin Ljós '75 var opnuð á Kjarvalsstöðum á miðvikudaginn, en þetta er þriðja sýningin, sem Ljósmyndaklúbburinn Ljós gengst fyrir. Fyrsta sýningin var í sal við Hverfisgötuna árið 1971, því næst var sýnt á Kjarvalsstöðum árið 1973 og svo aftur þar núna.

Félagar í Ljósmyndaklúbbnum eru nú þrír, þeir Pjetur Maack, Gunnar S. Guðmundsson og Kjartan B. Kristjánsson, en að venju bjóða þeir einum gesti að sýna myndir og að þessu sinni *varð Mats Wibe Lund fyrir valinu.* Á sýningunni sýnir Mats eingöngu stækkaðar litmyndir og eru myndirnar teknar í Thailandi, á Íslandi og Grænlandi, en alls eru það 54 myndir, sem Mats sýnir. Myndir hans eru allar til sölu og kosta kr. 25 þús. og kr. 75 þús.

Gunnar S. Guðmundsson sýnir manneskjuna í stórborginni París, í ramma, steypu og gleri. Kjartan B. Kristjánsson sýnir mest af mannlífsmyndum, auk þess sem ýmis form eru viðfangsefni, bæði mannanna verk og náttúrunnar. Pjetur Þ. Maack takmarkar sig á þessari sýningu við eina persónu. Hann hefur allt sl. ár tekið mikið af myndum af Helgu Eldon, þar á meðal við starf hennar, sem er listdans.

Allar myndir þeirra þremenninga eru til sölu og kosta kr. 10 þús. hver.

Sýningin Ljós '75 mun standa til 16. sept. n.k. og er hún opin frá kl. 16—22, nema um helgar, frá kl. 14—22.


Landsfundur íslenzkra barnaverndarfélaga í Norræna húsinu

Landssamband íslenzkra barnaverndarfélaga heldur landsfund sinn í Norræna húsinu dagana 5. og 6. september n.k. Landsfundurinn, sem jafnframt er aðalfundur sambandsins, er haldinn annaðhvort ár og er áhugamönnum jafnan gefinn kostur á að hlýða á nokkur erindi og taka þátt í umræðum um þau.

Á þessum landsfundi verða flutt 3 erindi. Föstudag 5. sept. kl. 14 flytur Kristinn Björnsson sálfræðingur erindi , er hann nefnir Hlutverk barnaverndar, sama dag kl. 17 flytur Jens Donner héraðslæknir frá Árósum erindið Barnaverndarfélög á Norðurlöndum og störf þeirra. Laugardaginn 6. sept. kl. 14 flytur Jens Donner annað erindi, sem hann nefnir Ráðgjafarstöðvar barnaverndarfélaga í Danmörku. Að erindunum loknum verða umræður og fyrirspurnum svarað.

Allir áhugamenn um velferðarmál barna eru velkomnir að hlýða á erindi þessi. Þeir sem æskja geta gerzt félagar í Barnaverndarfélagi Reykjavíkur eða öðru barnaverndarfélagi. Slík félög eru nú starfandi í Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík, Akranesi, Ísafirði, Akureyri og Húsavík og verið er að stofna félag í Vest-

Framhald á bls. 24



Kjartan og Gunnar við opnun sýningarinnar. **Ljósm.Mbl.: Ól.K.M.**

Dögg á Norðurlandi



Einstakt tækifæri að sletta úr klaufunum með Dögg

Munið nafnskirteinin.
Húsinu lokað kl. 23.30.

Skemmtum okkur með Dögg

Ásbyrgi, Miðfirði,
föstudagskvöld 5/9

Samkomuhúsið Blönduósi
laugardagskvöld 6/9.

Demant hf
ÆGISGATA 10, SÍMI 15322, RVÍK.